

## **Málstofa D – Starfsmannamál.**

Stjórnandi: Hermann Jón Tómasson.

Ritarar: Guðfinna Harðardóttir/Inga Rún Ólafsdóttir.

### ***Hvernig tryggjum við gagnkvæma upplýsingamiðlun milli verkefnisstjórnar og fulltrúa starfsmanna?***

Samráðshópur. Á vegum verkefnisstjórnar er starfandi samráðshópur, skipaður fulltrúum ríkis og sveitarfélaga, fulltrúum stéttarfélaganna og fulltrúa félags- og tryggingamálaráðuneytis sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Hlutverk hópsins er að tryggja gagnkvæma upplýsingamiðlun milli verkefnisstjórnar og fulltrúa starfsmanna um stöðu verkefnisins hverju sinni og um þau viðfangsefni sem eru í undirbúningi. Samráðshópurinn mun skila greinargerð ásamt tillögum til verkefnisstjórnarinnar sem hefur umsjón með samningagerð milli ríkis og sveitarfélaga. Fram kom athugasemd við það að ekki séu fulltrúar Eflingar og SGS í samráðshópnum. Mikilvægt að fulltrúar allra starfsmanna komi að skipulagningu yfirfærslunnar.

### ***Gegnsæ vinnubrögð.***

Lögð var áhersla á að tryggja gegnsæ vinnubrögð við allt ferlið til dæmis með því að hafa fundargerðir verkefnisstjórnar og undirhópa aðgengilegar.

Tryggja verður stöðugt flæði upplýsinga til allra aðila. Verkefnastjórnin þarf einnig að vera tilbúin að miðla upplýsingum um verkið á fundum með starfsmönnum og stjórnendum eða á þann hátt sem óskað er eftir. Breytingar skapa óöryggi og þess vegna er mikilvægt að upplýsingar berist beint til starfsmanna til að eyða óvissu.

Samráð og samvinna við starfsmenn er forsenda þess að flutningurinn gangi vel og skili þeim árangri sem stefnt er að. Nauðsynlegt er að byggja upp gagnvirkar samskiptaleiðir í þeim tilgangi að reynsla og sjónarmið starfsmanna skili sér beint inn í vinnu verkefnisstjórnarinnar.

### ***Hvernig verður tryggt að sérþekking starfsmanna flytjist með þjónustunni?***

- Það verður að skapa þær aðstæður að starfsmenn sjái sér hag af flutningi. Þátttakendur töldu að það mætti helst tryggja með eftirfarandi hætti:
- Tryggja jöfn tækifæri til starfa og starfsöryggi, að ríkisstarfsmennirnir hafi jafna möguleika á stöðum og þeir sem fyrir eru hjá sveitarfélögunum.
- Símenntun og endurmenntun. Mikilvægt er að fá yfirsýn yfir og skipuleggja hvernig farið verður með sí- og endurmenntun starfsmanna eftir að þeir flytjast til sveitarfélaga. Tryggja þarf að símenntun starfsmanna verði með sama hætti og verið hefur, bæði að umfangi og gæðum.
- Tryggja mönnun í samræmi við þjónustupörf.
- Kynning og samráð við starfsmenn og stéttarfélög á öllum stigum yfirfærsluferlisins.
- Samræmd þjónusta. Mikilvæg breyting fyrir starfsmennina að tilheyra samþættri þjónustu sveitarfélagsins. Nokkuð þykir skorta á umræðu um þessi mál. Málefni fatlaðra eru sérhæfður og flókinn málaflokkur. Nauðsynlegt er að viðhorf starfsmanna til þróunar séu jákvæð og byggð á sterkum faglegum grunni.

## **Hvernig kortleggjum við starfskjör og réttindi þeirra starfsmanna sem tilfærsla málaflokksins nær til?**

Samráðshópurinn kortleggur kjör og réttindi. Samráðshópurinn hefur það hlutverk að kortleggja starfskjör og réttindi þeirra starfsmanna sem tilfærsla málaflokksins nær til og fjalla um aðferðir við tilflutning starfsmanna frá ríki til sveitarfélaga. Áhersla var lögð á að tryggja þurfi réttarstöðu starfsmanna og að áunnin réttindi verði ekki skert. Unnið verður úr þeirri kortlagningu í kjaraviðræðum og ef til vill með lagasetningu. Kjaraviðræður við öll stéttarfélögin, líka þau sem fyrir eru.

## **Jafnrétti og jafnræði.**

Huga verður sérstaklega að jafnrétti og jafnræði starfsmanna við flutninginn.

## **Hvaða aðferð á að beita við tilflutning starfsmanna frá ríki til sveitarfélaga?**

Læra af reynslunni. Nauðsynlegt að skoða hvernig áður hefur verið staðið að flutningi starfsmanna milli ríkis og sveitarfélaga og reyna að læra af reynslunni. Nú þegar hafa nokkur sveitarfélög og samtök sveitarfélag tekið að sér þjónustu við fatlaðra samkvæmt þjónustusamningum – mikilvægt að skoða hvernig það hefur gengið. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem samráðshópurinn hefur til skoðunar.

## **Aðilaskiptalög.**

Skoða hvort unnið verður samkvæmt aðilaskiptalögum eða hvort öðrum aðferðum verður beitt, til dæmis niðurlagningu starfa.

## **Þjónustusvæði.**

Sveitarfélögin hafa ekki lokið umfjöllum framkvæmd yfirfærslunnar, til dæmis varðandi myndun þjónustusvæða eða samstarfsform á svæðunum.

## **Stjórnendur stofnana.**

Nauðsynlegt er að stjórnendur stofnana fái stuðning og fræðslu til að sinna sínu hlutverki.

## **Stjórnsýslan.**

Málefni fatlaðra mega ekki vera afmörkuð heldur þurfa að hrislast inn í alla stjórnsýslu sveitarfélaga.

Tilflutningurinn gefi tækifæri á nýjungum í þjónustu við fatlaða.